

Í S A A T H U G A N I R

í

T U N G N A Á

Skýrsla

Guðm. Sigurðssonar

23. okt. - 7. nóv. 1959

Reykjavík, 9.2.'60

Hinn 23. október 1959. Suðvestan slydda fyrri part dagsins, en snerist svo í vestanátt og tók að snjóa mjög mikið. Hæð í ánni 61, áin minnkandi.

Hinn 24. október. Hæð í ánni 58, ber ekki með sér krap. Logn kl. 9, hiti 0,1. Í nótt hefur snjóað nokkuð. Vatnshæð upp við Hófsvað var þennan dag 94, þ.e. kl. 8 að morgni.

Hinn 25. október (~~samkv. dags. í dagbókinni~~). Logn, þoka, hiti -0,5. Áin 60. Ekki að sjá neitt krapaskrið. Hiti um kl. 17 0.0.

Hinn 26. október, mánudagur. Hiti -5,2, suðaustan gola 2-3 vindstig, vatnshæð árinna 57, og ísskrið þakti nálægt því helming yfirborðsins. Krapaför.

Hinn 27. október. Norðvestan átt, 2-3 stig, hiti -3,2. Snjóél. Áin 51. Mjög mikið ísskrið í ánni og röskur helmingur yfirborðsins þakinn. Kl. 15 sama dag var hitinn -2,8, þ.e. lofthiti. Áin 44 og kraparek yfir helming árinna. Kl. 23 var áin 37.

Hinn 28. október. Kl. 8. Áin 34. Hiti -4,2. Áin orðin mjög lítil. Ísskrið er ekkert í ánni. Veður suðaustan átt 1-2 stig, skýjað. Kl. 15 hiti +0,2, áin 42, ekkert rek, snjócoma mjög þétt, en algert logn. Kl. 17 áin 44, hiti -0,2, snjócoma.

Hinn 29. október, kl. 7.30. Hiti +2,0, rigning og logn, áin 52, ekkert ísskrið. Kl. 20.30 hiti +2,6, rigning og þokusúld allan daginn, suðvestan átt, áin 58. Áin orðin íslaus að mestu meðfram bökkum.

Hinn 30. október, kl. 7.30. Hiti 4,6, sunnan rigning 3-4 vindstig. Áin 58, algerlega íslaus með löndum, snjór að mestu horfinn. Fram undir hádegi gekk á með smá skúrum, en logn var. Seinni part dagsins þurr veður, eða fram til kl. 17. Kl. 17 var hiti 5 stig og áin 66. Hellirigning.

Hinn 31. október kl. 8. Áin 69, ekkert rek. Hiti 0,2, suðvestan, hvöss snjóél, 2-3 vindstig. Kl. 18 áin 66, ekkert rek, hiti -0,6, suðvestan mjög hvöss snjóél og nokkur skafrenningur, vindur 4-6 stig.

1. nóvember 1959, kl. 9. Suðvestan, hríðarbyljir, bjart á milli, dregið hefur í stóra skafla, áin 56, ísskrið, krap er orðið töluvert í ánni, hiti +0,8 stig. Kl. 16 áin 50, ekkert ísskrið, suðvestan él, bjart á milli, hiti -3,1, bjart, logn.

2. nóvember, kl. 8. Áin 49, ekkert rek, logn og hreint veður, frost hefur verið töluvert í nótt. Hiti kl. 7 -6,1, kl. 8 -7,8. Áin 48, ekkert ísrek, logn og sólskin meiri hluta dagsins, íspoka á slæðingi mest allan daginn.

3. nóvember. Hiti kl. 7 -11 stig. Kl. 9 7,4, heiðskirt og logn, mikill snjór. Kl. 9 áin 47, ísrek eða réttara sagt krapaskrið orðið þónokkuð í ánni, hiti -5-6 stig mestallan daginn, eftir kl. 17 fór veður heldur hlýnandi. Kl. 21 áin 47, íslaus að mestu, hiti +1<sup>0</sup>, suðvestan eða sunnan og snjóaði allmikið, en snerist í slyddu.

4. nóvember. Kl. 8 áin 55, skarir meðfram löndum. Áin orðin mjög tær. Hiti + 1<sup>0</sup>, hægviðri. Í dag er þungskýjað, fór að blása af suðaustri með smárigningu, er á daginn leið. Kl. 17 hiti + 2<sup>0</sup>, áin 55.

5. nóvember, kl. 8. Áin 55, íslaus. Hiti + 2<sup>0</sup>, rigning af suðaustri fram undir hádegi, en fór þá lygnandi og breytti um átt, sneri til suðvestan áttar og fór að snjóa með hvössum éljum seinnipartinn. Kl. 17 áin 55, hiti + 0,6, hvöss snjóél af suðvestri.

6. nóvember kl. 8, áin 54, íslaus, hrein. Hiti -2,6, snjóað hefur í nótt og skafið af suðvestan átt, hvöss él, snjórinn orðinn 40-50 cm og á sléttu, en mikið þykkri, þar sem dregið hefur í skafla.

7. nóvember. Hiti -2<sup>0</sup>, suðvestan, hvöss él og dregur snjóinn saman. Seinni part dagsins gerði stöðuga skafhrið. Hæð í ánni 50. Þegar við komum að Haldi kl. 24, þá var rok og skóf mjög mikið, nálægt því 2/3 af yfirborði árinna var þakið krapakönglum.

Þetta var skýrsla Guðmundar Sigurðssonar.